



- Ný útgáfa -

ISO 9001:2008 í íslenskri þýðingu

Ég beið í eftirvæntingu eftir nýrri útgáfu af ISO 9001. Fréttirnar af breytingunum bentu til að tekið yrði á mikilvægum atriðum. Meiri áhersla yrði lögð á forystu og ábyrgð stjórnenda. Skýrari umfjöllun yrði sett fram um útvistaða starfsemi. Lagfæringar yrðu gerðar á nokkrum stöðum sem voru til óþæginda. Það átti ekki að breyta líkaninu sem rammur inn staðalinn.

Breytingarnar allar til bóta

Vonbrigðin urðu nokkur þegar í ljós kom hve breytingarnar eru litlar. Góðu fréttirnar eru að ekki þarf að ganga í gengum stórfelldar breytingar á núverandi kerfum til að uppfylla kröfurnar. Fyrirtæki þurfa ekki að leggja í kostnað vegna breytinga.

Gagnsemi nýrrar útgáfu felst fyrst og fremst í því að nú er tækifæri til að taka á þar sem kerfi fyrirtækis er ekki að skila viðunandi árangri eða ef rekstur kerfis er með einhverjum vandræðagangi.

ISO 9001 er góður staðall. En hann má ennþá bæta. Breytingarnar sem gerðar voru eru allar til bóta. Ný íslensk útgáfa inniheldur líka þó nokkrar leiðréttingar á þýðingunni sem er afar gott að fá og eiga þeir þakkir skildar sem bentu á ambögurnar eða misskilninginn.

Rétt notkun skilar árangri

Hvort skapar ISO 9001 betri rekstur eða tóma skrifinnsku? Sá sem tekur upp ISO 9001 ræður því sjálfur hvort það er. Menn leiðast auðveldlega inn á villigötur. Kröfur staðalsins eru opnar og gefa enga leiðsögn. Þannig er hægt að lesa út úr þeim það sem maður vill. Gapið á milli þess sem fyrirtæki gera eða aðferða sem þau nota og þess sem er „faglega rétt“ getur verið býsna stórt.

„Bestu aðferðir“ eru stundum fengnar úr starfsgreinum með miklar kröfur um rekjanleika. Stundum byggjast þær á fræðilegum hugmyndum um hvernig vinna ber á ýmsum fagsviðum, t.d. mannauðs-stjórnun, þekkingarstjórnun eða skjala-stjórnun. Þessar fræðilegu og faglegu kröfur eru ekki alltaf viðeigandi og skila fyrirtækjum misjöfnum árangri.

Aðalatriðið er að hafa stjórn á ferlum með þeim aðferðum sem fyrirtækið býr yfir eða getur tekið upp á stuttum tíma án mikilla fjárfestinga. Ekki má falla fyrir tuskubylgjum stjórnunarfræða þar sem dogmað tekur völdin. Lausnir eiga að byggjast á stöðu fyrirtækis í þróunarferli og þörfum þess. Þau eiga að byggja á því besta sem menn þekkja og ráða við að nota.

Í flestum fyrirtækjum eru „göt“ eða rofin



Gunnar H. Guðmunsson,
framkvæmdastjóri 7.is.

tengsl sem valda villum, töfum og kostnaði og hindra að fyrirtækið læri af mistökum. Kröfur staðalsins tengja saman mikilvægar taugabrautir í fyrirtæki, sem víða eru rofnar.

Ef fyrirtæki gengur illa að uppfylla kröfur staðalsins er líklegt að hann sé ekki notaður rétt.

Draumakerfið

Mig dreymir um kerfi sem eru straumlínu-löguð og einföld. Þar sem nákvæmlega það sem þarf er skjalfest og ekkert umfram það. Þar sem enginn þarf að taka á sig aukakrök og allt miðar að því að ná réttum árangri

Námskeið 2. apríl

Stjórnun upplýsingaöryggis
samkvæmt ISO/IEC 27001

- Lykilatriði og notkun -

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is



Fjarskiptalagnir - bls. 2

Jöfn laun - bls. 3

Viðskipti - bls. 4

Tæknireglur um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði

Í byggingareglugerð er engar reglur að finna um fjarskiptalagnir. Þar af leiðandi hafa hönnuðir og seljendur fjarskiptalagna ekki haft staðlaðar kröfur til að vinna eftir og húseigendur ekki haft tæknilegt viðmið í viðskiptum sínum. Tækniforskriftin TS 151:2009 kemur því til móts við brýna þörf.

Öryggi í viðskiptum

Tæknireglurnar eru samdar fyrir hönnuði, verktaka, kaupendur og seljendur íbúðarhúsnæðis og eiga við um nýbyggingar, endurnýjun fjarskiptalagna og -búnaðar í eldri húsum og viðhald. Reglurnar fjalla bæði um hönnun, efnisval, handverk og skil á verki. Verkkaupi getur nú gengið frá samningi við verktaka áður en verk er hafið, þar sem tekið er fram að verkið skuli vera unnið samkvæmt TS 151 Tæknireglur um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði – Loftnetskerfi – Netkerfi – Símakerfi - Hússtjórnarkerfi. Með þessu tryggir verkkaupi sér eftirfarandi:

- að tæknilegum stöðlum sé fylgt,
- að lagnir séu í samræmi við þann flokk húsnæðis sem hann kýs,
- að frágangur á lögnum sé fullnægjandi,
- að skýrslu og teikningu sé skilað í lok verksins.

Verkkaupa er samt sem áður í sjálfsvald sett, hversu ítarlega tæknireglunum er fylgt.

Sé verkið unnið samkvæmt tæknireglum

þessum tryggir kaupandinn sér að efnisval uppfylli staðla, kerfið sé hannað samkvæmt stöðlum, fylgt sé reglum Póst- og fjarskiptastofnunar um innanhúss fjarskiptalagnir, handverkið sé unnið á faglegan hátt og að hann geti fengið gögn í hendurnar (teikningu, mælingaskýrslu) að loknu verki.

Tilurð TS 151:2009

Eftir mikla undirbúningsvinnu var ákveðið að leita til Staðlaráðs Íslands um að standa að útgáfu tæknireglanna. Fyrirtækin sem stóðu að undirbúningsvinnunni eru Gagnaveita Reykjavíkur SART (Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði), Ríkisútvarpið, Síminn, Neytendasamtökin, Vodafone, Samstarfsnefnd söluaðila raflagna- og raftengiefnis. Þessir aðilar gerðu í upphafi með sér samkomulag sem hefur eftirtalin meginmarkmið:

- Kaupandi/notandi fjarskiptakerfa fái fjarskiptaþjónustu í samræmi við óskir sínar og fái notið þeirrar fjarskipta- og upplýsingatækni á heimili sínu sem í boði er og verður á komandi árum.
- Sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvar, rekstrar- aðilar kapal- og örbylgjudreifikerfa, síma- fyrirtæki og aðrir sem reka fjarskipta- dreifikerfi fyrir almenning séu öruggir um að dagskrá þeirra og fjarskiptamerki skili sér með hámarksgæðum.
- Verktakar sem taka að sér lagnavinnu og



Lagnir fyrir hljóð- og myndstýringu eru meðal annars teknar fyrir í TS 151.

tengingar hafi staðlaðar kröfur um framkvæmd verksins og frágang lagna.

- Efnissalar hafi staðlaða viðmiðun um lágmarksgæði tengiefnis.
- Stöðluð flokkun íbúða verði tekin upp eftir magni fjarskipta- og stýrilagna.
- Reglur séu til um tæknilegar úrlausnir fjarskiptalagna ef deilur koma upp í viðskiptum.

Tækniforskriftina TS 151 er hægt að panta á www.stadlar.is

Nýr ISO 9001:2008 í íslenskri þýðingu

30%
kynningarafsláttur

Staðlaráð hefur ákveðið að bjóða valda þýdda alþjóðlega staðla með **25% afslætti**. Þannig vill Staðlaráð koma til móts við viðskiptavinum vegna óhagstæðrar gengisþróunar undanfarna mánuði. Þessir fást með **25% afslætti**:

ÍST EN ISO 9000 • ÍST EN ISO 9004 • ÍST ISO/IEC 27001 • ÍST ISO/IEC 27002 (17799)

ÍST EN ISO 14001 • ÍST ISO 15489-1 • ÍST ISO/TR 15489-2

Pantið á www.stadlar.is



- Jöfn laun -

Jafnlaunavottun mun marka tímamót

Á degi Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári, 24. október, sem hér er í minnum hafður fyrir kvennafrídaginn á sínum tíma, var brotið í blað í sögu baráttunnar fyrir launajafnrétti kynjanna hér á landi. Þá undirrituðu félags- og tryggingamálaráðherra, forseti Alþýðusambands Íslands og aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins sameiginlegt erindi til Staðlaráðs um gerð staðals um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar. Erindið grundvallast á bráðabirgðaákvæði nýrra jafnréttislaga sem Alþingi samþykkti í febrúar 2008 og sameiginlegri jafnréttisbókun ASÍ og SA í tengslum við gerð kjarasamninga um sama leyti. Bráðabirgðaákvæðið setur verkefninu bjartsýnan tímaramma, því þar er kveðið á um að verkinu skuli lokið fyrir árslok 2009.

Jafnlaunastaðall nýmæli

Tækninefnd Staðlaráðs hélt sinn fyrsta fund í nóvember síðastliðnum, en í henni sitja fulltrúar ofangreindra aðila auk annarra sem boðið var til starfa í samræmi við vinnureglur Staðlaráðs. Til að koma verkinu hratt og örugglega á skrið ákvað nefndin að fela ráðgjafafyrirtækinu ParX að vinna að lýsingu eða beinagrind að staðlinum, sem tækninefndin myndi vinna áfram. Lýsingin liggur nú fyrir og núna er það tækninefndarinnar að bretta upp ermar og ljúka verkinu.

Það er sannarlega metnaðarfullt verkefni að ráðast í gerð staðals um launajafnrétti. Ekki er kunnugt um að slíkur staðall hafi verið gerður annars staðar. Staðallinn verður að byggja á meginreglu jafnréttislaga um að atvinnurekendur skuli greiða konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Þessi meginregla er í jafnréttislöggjöf víða um heim, fest í alþjóðlegum samningum Sameinuðu þjóðanna, er grundvallaratriði í Evrópurétti um jafnrétti kynja og hvílir á

Rómarsáttmálanum. Ekki aðeins er hún lögfest í íslenskum jafnréttislögum, heldur eru Íslendingar bundnir af henni í gegnum samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum, hvort tveggja fullgilt af íslenskum stjórnvöldum, og í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo einhverjir lagalega bindandi samningar séu nefndir.

Sögulegur ávinningur

Ef undan er skilin sú aðferð sveitarfélaganna við ákvörðun launa sem byggist á starfsmati - en aðferðafræði svokallaðs *analýtisks* starfsmats hvílir á hugtakinu verðmæti starfa - er á íslenskum vinnumarkaði lítil hefð fyrir því að skoða hugtakið og þekking á því takmörkuð. Þar ræður mestu að hér hafa fáir dómur fallið þar sem tekist er á um túlkun þess og skýrt hvað skuli lagt til grundvallar þegar metið er hvort störf teljist jafnverðmæt. Þótt hér hafi þeirri skyldu ekki verið nægilega sinnt að mínu mati að fræða atvinnu-rekendur, stéttarfélag og allan almenning um hvernig ákvæðið beri að túlka er aðgangur okkar að ítarlegu leiðbeiningarefni sem yfirvöld jafnréttismála í öðrum löndum hafa gefið út og byggja á sömu meginreglu þó auðveldur og þýðingarmikill. Evrópu-dómstóllinn hefur sömuleiðis fellt marga stefnumarkandi dóma, sem eru fordæmis-gefandi hér á landi í gegnum EES.

Orðalag jafnréttislaga þýðir að konur eiga mun víðtækari rétt til launajafnréttis á við karla heldur en þann sem fólst í gömlu reglunni um sömu laun fyrir sömu störf og allir þekkja. Á grundvelli þess geta konur borið sig saman við karla sem eru í ólíkum störfum og með ólík starfsheiti og fengið staðfest að eiga rétt á sömu launum og þeir, ef skoðun sýnir að störf þeirra séu jafnverðmæt. Vilji atvinnurekendur tryggja að þeir fylgi jafnréttislögum þurfa þeir því að



Hildur Jónsdóttir, formaður tækninefndar Staðlaráðs um jafnlaunavottun.

tileinka sér aðferðir til að greina verðmæti starfa og þar dugir ekki að takmarka skoðun við þá sem bera sömu starfsheiti eða eru í sömu eða mjög líkum störfum.

Jafnlaunastaðallinn þarf að vera þannig úr garði gerður að hann víkki út hefðbundna eða úrelta túlkun á réttinum til launajafnréttis og leiðbeini atvinnurekendum og okkur öllum um hvernig markmiðum jafnlaunaákvæðis jafnréttislaga verði náð. Takist það, verður ávinningurinn af jafnlaunastaðlinum bæði ótvíræður og sögulegur.

www.stadlar.is

Það er einfalt að finna og panta staðla.



- Viðskipti -

Rafrænir reikningar

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni, FUT, setti sér í upphafi árs 2008 það metnaðarfulla markmið að skilgreina íslenska grunngerð rafrænna viðskipta. Stofnaður var vinnuhópur sem í eru fulltrúar atvinnulífs og ríkisins. Vinnuhópurinn hefur síðustu mánuði unnið að mótun innleiðingaráætlunar og komið á fót póstlista og opnum vettvangi á slóðinni <http://thing.simnet.is>.

Tækniforskrift væntanleg

Einfalt er að tengja undirliggjandi net rafrænna reikninga og pantana við greiðslumiðlunar- og afgreiðslukerfi. Ein leið til að ná árangri hratt er að helstu hagsmunaaðilar komi upp undirliggjandi pípulögn sem verði öllum aðgengileg til að flytja rafræna reikninga og sannreyna þá. Helstu forsendur þess eru að staðlaumhverfið sé stöðugt og auðvelt að nýta það, tækniumhverfi sé algjörlega öruggt og lagaumhverfi styðji við innleiðingu.

Í febrúar 2009 var stofnuð tækninefnd á vegum FUT sem hefur fengið það hlutverk að stuðla að innleiðingu þeirra afurða sem eru þróaðar á erlendum vettvangi. Fyrsta

afurðin, tækniforskrift fyrir rafrænan reikning, er nú að líta dagsins ljós.

Samvinna skilar árangri

Traust á rafrænum samskiptum í þessu umhverfi er lykilforsenda.

Lög og reglugerðir á Íslandi styðja mjög vel við innleiðingu rafrænna viðskipta. Íslenska ríkið, sem stærsti einstaki kaupandi á Íslandi, hefur enda af því mikla hagsmuni að ná fram hagræði og öryggi í rafrænum viðskiptum.

Reynsla annarra landa bendir til að mikilvægt sé að ríkið leggi línurnar sem stóru smásölukerfi og aðrir stórir aðilar á markaði geti í kjölfarið nýtt sér. Hlutverk bankanna er að styðja við þessa þróun enda eru þeir í lykilaðstöðu til að leiða saman hagsmunaaðila og tengja reikninga við greiðslur sem er forsenda þess að fullt hagræði náist.

Evrópusambandið áætlað á árlega megi spara 240 milljarða evra með því að gera reikninga rafræna á milli fyrirtækja. Hagsmunir íslenskra fyrirtækja eru miklir í þessu sambandi og nú er tækifæri.



Guðmundur Guðmundsson er framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landsbankans og fulltrúi í framkvæmdaráði FUT.

Ragnar T. Jónasson er formaður tækninefndar FUT um grunngerð rafrænna viðskipta.

www.stadlar.is

Það er einfalt að finna og panta staðla.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú svífur um á sæpotu

Staðallinn ÍST EN ISO 13590 Smábátar - Sæpotur - Kröfux varðandi byggingu og kerfisuppsetningu er meðal margra íslenskra staðla sem lúta að smábátum..

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.